



Fundargerð

4. fundur stjórnar Ríkarðshúss kjörtímabilið 2018-2022

Fjarfundur var haldinn í stjórn Ríkarðshúss föstudaginn 24. apríl 2020.

Fundinn sátu Gauti Jóhannesson, Már Guðlaugsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Þór Vigfússon og Björn Másson. Gauti stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Fjárhagslegt yfirlit
2. Sumarsýning í Löngubúð
3. Skráning muna
4. Vefur fyrir Ríkarðshús
5. Húsnæðismál Ríkarðshúss

1. Fjárhagslegt yfirlit

Farið var yfir stöðu Ríkarðshúss í bókhaldi Djúpavogshrepps m.t.t. sundurliðunarbókar.

2. Sumarsýning í Löngubúð

Ljóst er að opnunartími safnsins mun þurfa að taka mið af þeim aðstæðum sem eru ríkjandi vegna Covid – 19 og samkomulagi milli sveitarstjórnar og rekstraraðila. Stefnt að því að hafa sýninguna tilbúna þegar þar að kemur og jafnframt að hægt verði að taka á móti gestum með fyrirvara.

3. Skráning muna

Formaður fór yfir stöðu skráningar muna sem tilheyra Ríkarðshúsi.

Stjórnin er sammála um að nú þegar þurfi að hefja endanlega skráningu með það í huga að skrá yfir muni í eigu Ríkarðshúss verði aðgengileg á tölvutæku formi sem uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til skráningar sem fyrst. Stjórnin ítrekar þau tilmæli til sveitarstjórnar að ráðinn verði starfsmaður til verksins.

4. Vefur fyrir Ríkarðshúsa

Már gerði grein fyrir samskiptum við Premis og mun fylgja málinu eftir í samráði við stjórn.

5. Húsnæðismál Ríkarðshúss

Stjórn sammála um að skoða möguleika á að nota jarðhæð Faktorshússins undir Ríkarðshús. Stefnt að því að funda með Argos við fyrsta tækifæri og fara yfir málið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:30.

Gauti Jóhannesson, fundarritari